

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2193

2021/EES/49/28

frá 25. nóvember 2015

um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá meðalstórum brennsluverum út í andrúmsloftið (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB (4) (hér á eftir nefnd „aðgerðaáætlunin“) er viðurkennt að töluvert hefur dregið úr losun mengunarefna í andrúmsloft á síðustu áratugum en að um leið sé loftmengunarstig enn til vandræða í mörgum hlutum Evrópu og að borgarar Evrópusambandsins komist áfram í snertingu við loftmengandi efni sem hafa hugsanlega slæm áhrif á heilbrigði þeirra og vellíðan. Samkvæmt aðgerðaáætluninni líða vistkerfi enn fyrir umframmagn af köfnunarefni og ákomu brennisteins í tengslum við losun frá flutningum, ósjálfbærar ræktunaraðferðir og orkuframleiðslu. Á mörgum svæðum innan Sambandsins eru loftmengunarstig enn fyrir ofan þau mörk sem Sambandið hefur sett og loftgæðastaðlar Sambandsins ná enn ekki að uppfylla markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- 2) Til að tryggja heilbrigt umhverfi fyrir alla er með aðgerðaráætluninni kallað eftir landsbundnum ráðstöfunum sem verða studdar með viðeigandi stefnu, bæði á landsbundnum vettvangi og á vettvangi Sambandsins. Í henni er einkum farið fram á að viðleitni til að fara að öllu leyti að ákvæðum löggjafar Sambandsins um loftgæði sé eflað og að stefnumótandi markmið og aðgerðir eftir árið 2020 verði skilgreind.
- 3) Vísindaleg mót sýna að loftmengun styttir meðalaldur borgara sambandsins um átta mánuði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 28.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 451, 16.12.2014, bls. 134.

(2) Stjtið. ESB C 415, 20.11.2014, bls. 23.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 7. október 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. nóvember 2015.

(4) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

- 4) Almennt hafa ekki verið settar reglur á vettvangi Sambandsins um losun mengunarefna frá brennslu eldsneytis í meðalstórum brennsluverum, jafnvel þó að þau stuðli í síauknum mæli að loftmengun, einkum vegna aukningar í notkun á lífmassa sem eldsneyti sem byggist á stefnu í loftslags- og orkumálum.
- 5) Brennsla eldsneytis í tilteknum litlum brennsluverum og búnaði fellur undir framkvæmdarráðstafanir eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB ⁽¹⁾. Bryn þörf er á frekari ráðstöfunum samkvæmt tilskipun 2009/125/EB til að ná yfir þær eyður sem eftir standa í löggjöfinni. Brennsla eldsneytis í stórum brennsluverum fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ⁽²⁾ frá 7. janúar 2013 en tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB ⁽³⁾ gildir áfram um stór brennsluver sem falla undir 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2010/75/ESB til 31. desember 2015.
- 6) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins frá 17. maí 2013 um þær endurskoðanir sem gerðar hafa verið skv. 9. mgr. 30. gr. og 73. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði, þar sem fjallað er um losun frá þéttbæru eldi búfjár og brennsluverum, að sýnt hafi verið fram á augljósan möguleika til að draga á kostnaðarhagkvæman hátt úr losun í andrúmsloft í tengslum við brennslu eldsneytis í meðalstórum brennsluverum.
- 7) Alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins í tengslum við loftmengun, sem eru ætlaðar til að draga úr súrnun, ofauðgun, ósóni við yfirborð jarðar og losun efnisagna, eru samþykktar samkvæmt Gautaborgarbókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa sem var breytt árið 2012 til að efla gildandi skuldbindingar um að draga úr brennisteinstvíoxíði, köfnunarefnisoxíðum, ammoníaki og rokgyörnum, lífrænum efnasamböndum og til að innleiða nýjar skuldbindingar um að draga úr fíngerðum efnisögnum (PM 2,5) sem skulu nást frá og með 2020.
- 8) Í orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, sem ber titilinn „Áætlunin um hreint loft í Evrópu“ (e. *A Clean Air Programme for Europe*) er hvatt til aðgerða til að hafa eftirlit með losun á loftmengandi efnunum frá meðalstórum brennsluverum og ljúka með því við regluramman fyrir brennslugeirann. Með áætluninni um hreint loft lýkur áætluninni um að draga úr mengun fyrir 2020, sem mælt er fyrir um í orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 21. september 2005 sem ber titilinn „Þemaáætlunin um loftmengun“, og þróað er markmið um að draga úr áhrifum á tímabilinu fram til 2030. Til að ná öllum þessum stefnumarkmiðum ætti að koma á stjórnunaráætlun, þ.m.t. ráðstafanir til að hafa eftirlit með losun frá meðalstórum brennsluverum.
- 9) Þróa ætti og reka meðalstór brennsluver þannig að það stuðli að orkunýtni. Einkum ætti að taka tillit til slíkra þátta sem og efnahagslegra þátta, tæknilegra möguleika og líftíma starfandi meðalstórra brennsluvera við ísetningu endurbótahluta í meðalstór brennsluver eða þegar tekin er ákvörðun um verulegar fjárfestingar.
- 10) Til að tryggja að starfræksla meðalstórs brennsluvers leiði ekki til minnkandi loftgæða ættu ráðstafanir, sem gerðar eru til að takmarka losun brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks út í andrúmsloftið, ekki að leiða til þess að losun annarra mengunarefna, s.s. kolsýrings, aukist.
- 11) Meðalstór brennsluver, sem falla þegar undir lágmarkskröfur innan Sambandsins, s.s. brennsluver sem samlegðarreгла gildir um skv. III. kafla tilskipunar 2010/75/ESB eða brennsluver sem brenna eða sambrenna föstum eða fljótandi úrgangi og falla því undir IV. kafla þeirrar tilskipunar, ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.
- 12) Önnur tiltekin meðalstór brennsluver ættu einnig að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar á grundvelli tæknilegra eiginleika þeirra eða notkunar þeirra við tiltekna starfsemi.
- 13) Þar eð meðalstór brennsluver sem brenna hreinsunarstöðvaeldsneyti, eingöngu eða ásamt öðru eldsneyti, til orkuframleiðslu í jarðolíu- og gashreinsunarstöðvum, og endurnýtingarsuðukatlar innan stöðva fyrir framleiðslu pappírsmauks, falla undir losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (BAT), sem sett eru fram í niðurstöðum um bestu, fánlegu tækni sem þegar eru fastsettar samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB, ætti þessi tilskipun ekki að gilda um slíkar stöðvar.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtið EB L 309, 27.11.2001, bls. 1).

- 14) Þessi tilskipun ætti að gilda um brennsluver, þ.m.t. samsetningu sem er mynduð af tveimur eða fleiri nýjum, meðalstórum brennsluverum, þar sem heildarnafnvarmafl er jafnt og eða meira en 1 MW og minna en 50 MW. Einstök brennsluver með nafnvarmafl sem er minna en 1 MW ætti ekki að telja með í þeim tilgangi að reikna út heildarnafnvarmafl samsetningar brennsluvera. Til að komast hjá eyðum í löggjöfinni ætti þessi tilskipun einnig að gilda um samsetningu, sem mynduð er af nýjum, meðalstórum brennsluverum, þar sem heildarnafnvarmafl er jafnt og eða meira en 50 MW, með fyrirvara um III. kafla tilskipunar 2010/75/ESB.
- 15) Til að tryggja eftirlit með losun brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks út í andrúmsloftið ættu öll meðalstór brennsluver einungis að vera starfrækt ef þau hafa fengið leyfi eða verið skráð af lögbæru yfirvaldi á grundvelli þeirra upplýsinga sem rekstraraðilinn leggur fram.
- 16) Í þeim tilgangi að hafa eftirlit með losun út í andrúmsloftið frá meðalstórum brennsluverum ætti að setja fram viðmiðunarmörk fyrir losun og kröfur um vöktun í þessari tilskipun.
- 17) Viðmiðunarmörk fyrir losun, sem sett eru fram í II. viðauka, ættu ekki gilda um meðalstór brennsluver, sem eru staðsett á Kanaríeyjum, í frönsku umdæmunum handan hafsins, á Asoreyjum og Madeira, vegna tæknilegra og vöruferilsstjórnunarlegra atriða í tengslum við einangraða staðsetningu slíkra brennsluvera. Hlutaðeigandi aðildarríki ættu að setja viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir slík brennsluver til að draga úr losun þeirra í andrúmsloft og hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi.
- 18) Til að veita starfandi meðalstórum brennsluverum nægilegan tíma til tæknilegrar aðlögunar að kröfum þessarar tilskipunar ættu viðmiðunarmörkin fyrir losun að gilda fyrir þessi brennsluver eftir ákveðinn tíma frá gildistöku þessarar tilskipunar.
- 19) Til að teknað verði til greina tilteknar sérstakar kringumstæður þar sem beiting viðmiðunarmarkna fyrir losun myndi leiða til óeðlilega mikils kostnaðar í samanburði við umhverfislegan ávinning ættu aðildarríkin að geta veitt meðalstórum brennsluverum, sem notuð eru í neyðarástandi og starfrækt í takmarkaðan tíma, undanþágu frá því að fara að viðmiðunarmörkum fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun.
- 20) Vegna takmarkana varðandi grunnvirki sem starfandi meðalstór brennsluver, sem eru hluti af litlu einangruðu kerfi (SIS) eða einangruðu örkerfi (MIS), standa frammi fyrir og þarfar á að stuðla að samtengingu milli þeirra ættu slík brennsluver að fá meiri tíma til að aðlagast viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun.
- 21) Að teknu tilliti til heildarávinnings af fjarhitun, að því er varðar að stuðla að minni eldsneytisnotkun á heimilum sem veldur mikilli loftmengun og með tilliti til umbóta í orkunýtni og til að draga úr losun koltvísýrings, ætti aðildarríkjum að vera mögulegt að veita starfandi meðalstórum brennsluverum, sem veita umtalsverðu magni af nýtanlegri hitaframleiðslu sinni inn á almennt net fyrir fjarhitun, lengri tíma til að aðlagast viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun.
- 22) Að teknu tilliti til nýlegra fjárfestinga í brennsluverum sem nota lífmassa, sem miða að því að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa og sem hafa þegar leitt til þess að dregið hefur úr losun mengunarefna og til að taka til greina tengd fjárfestingartímabil, ætti aðildarríkjum að vera mögulegt að veita slíkum brennsluverum lengri tíma til að aðlagast viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun.
- 23) Í ljósi þess hversu mikilvægu hlutverki gasþjöppustöðvar gegna, að því er varðar áreiðanleika og rekstraröryggi landsbundinna flutningskerfa fyrir jarðgas og sértækar takmarkanir varðandi uppfærslu þeirra, ætti aðildarríkjum að vera mögulegt að veita meðalstórum brennsluverum sem knýja slíkar stöðvar lengri tíma til að aðlagast viðmiðunarmörkunum fyrir losun, að því er varðar köfnunarefnisoxíð, sem sett eru fram í þessari tilskipun.
- 24) Í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) kemur þessi tilskipun ekki í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði strangari verndarráðstafanir. Það kann að vera þörf á slíkum ráðstöfunum, t.d. á svæðum sem uppfylla ekki viðmiðunarmörk fyrir loftgæði. Í slíkum tilvikum ættu aðildarríki að meta þörf á því að beita strangari viðmiðunarmörkum fyrir losun en eru í kröfunum sem settar eru fram í þessari tilskipun sem hluta af þróun áætlaða um loftgæði samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB⁽¹⁾. Í slíku mati ætti að taka til greina niðurstöðu upplýsingaskipta um bestu losunarskerðingu sem hægt er að ná fram með bestu, fánlegu tækni og nýtilkominni tækni. Framkvæmdastjórnin ætti að skipuleggja slík upplýsingaskipti við aðildarríki, viðkomandi iðnað, þ.m.t. rekstraraðila og veitendur tækniþekkingar, og frjáls félagasamtök, þ.m.t. þau sem styðja umhverfisvernd.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1).

- 25) Aðildarríki ættu að tryggja að rekstraraðilar meðalstórra brennsluvera geri nauðsynlegar ráðstafanir ef ekki er farið að ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríki ættu að koma á kerfi til að ganga úr skugga um að meðalstór brennsluver fari að kröfunum í þessari tilskipun.
- 26) Til að tryggja skilvirka framkvæmd og framfylgd þessarar tilskipunar ætti, sé þess kostur, að samræma skoðanir við þær sem krafist er samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, eins og við á.
- 27) Ákvæðum þessarar tilskipunar varðandi aðgang að upplýsingum að því er varðar framkvæmd ætti að beita þannig að það tryggi að ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ⁽¹⁾ gildi að fullu.
- 28) Til að takmarka álagið á lítil og meðalstór fyrirtæki sem starfrækja meðalstór brennsluver ættu rekstrarlegar skyldur rekstraraðila varðandi tilhögun upplýsingamiðlunar, vöktun og skýrslugjöf að vera hlutfallslegar og forðast ætti tvíverknað en á sama tíma gera lögbæra yfirvaldinu kleift að framkvæma skilvirka sannpröfun á því að farið sé að tilskildum ákvæðum.
- 29) Til að tryggja samræmi og samfellu í upplýsingum sem aðildarríkin veita um framkvæmd þessarar tilskipunar og til að stuðla að upplýsingaskiptum milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar ætti framkvæmdastjórnin, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, að þróa rafrænt skýrslugjafartæki sem er einnig aðgengilegt til notkunar innan aðildarríkja í þágu landsbundinnar skýrslugjafar og gagnastjórnunar.
- 30) Framkvæmdastjórnin ætti að meta þörf á því að breyta viðmiðunarmörkunum fyrir losun, sem sett eru fram í II. viðauka, fyrir ný meðalstór brennsluver á grundvelli nýjustu tækni. Í þessu samhengi ætti framkvæmdastjórnin einnig að taka til athugunar þörfina á að fastsetja sértæk viðmiðunarmörk fyrir losun á öðrum mengunarefnum, s.s. kolsýringi, og hugsanlega lágmarksstaðla fyrir orkunýtni.
- 31) Til að aðlagast vísinda- og tækniframförum ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að breyta ákvæðunum um mat á því að farið sé að tilskildum kröfum sem sett eru fram í 2. lið 2. hluta III. viðauka. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar standur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 32) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar tilskipunar og til að einfalda skýrslugjafarskyldur aðildarríkjanna og hagræða þeim ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar tilgreiningu á tæknisniði fyrir skýrslugjöf. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁾.
- 33) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. úrbótum að því er varðar umhverfisgæði og heilbrigði manna, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 34) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“). Með þessari tilskipun er einkum reynt að tryggja beitingu 37. gr. sáttmálans varðandi umhverfisvernd.
- 35) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ⁽³⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargæringa. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjttíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjttíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽³⁾ Stjttíð. ESB C 369, 17.12..2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um eftirlit með losun brennisteinstvíoxíðs (SO₂), köfnunarefnisoxíða (NO_x) og ryks út í andrúmsloftið frá meðalstórum brennsluverum og draga þannig úr mengandi losun í andrúmsloft og hugsanlegri áhættu sem heilbrigði manna og umhverfinu stafar af slíkri losun.

Í þessari tilskipun er einnig mælt fyrir um reglur um vöktun losunar á kolsýringi (CO).

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um brennsluver þar sem nafnvarmaafli er jafnt og eða meira en 1 MW og minna en 50 MW („meðalstór brennsluver“), óháð þeirri eldsneytistegund sem þau nota.
2. Þessi tilskipun gildir einnig um samsetningu sem mynduð er af nýjum meðalstórum brennsluverum skv. 4. gr., þ.m.t. samsetning þar sem heildarnafnvarmaafli er jafnt og eða meira en 50 MW, nema samsetningin myndi brennsluver sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2010/75/ESB.
3. Tilskipun þessi gildir ekki um:
 - a) brennsluver sem falla undir III. eða IV. kafla tilskipunar 2010/75/ESB,
 - b) brennsluver sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB ⁽¹⁾,
 - c) brennsluver á býlum með heildarnafnvarmaafli jafnt og eða minna en 5 MW, sem eingöngu nota óunninn alifuglaáburð, eins og um getur í a-lið 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽²⁾, sem eldsneyti,
 - d) brennsluver þar sem loftkenndar brennsluafurðir eru nýttar við beina hitun, þurrkun eða hverja aðra meðhöndlun hluta eða efna,
 - e) brennsluver þar sem loftkenndar brennsluafurðir eru nýttar við beina gaskynta hitun sem notuð er til að hita rými innandyrna í þeim tilgangi að bæta aðstæður á vinnustað,
 - f) eftirbrennsluver sem hönnuð eru til að hreinsa úrgangsluft úr iðnaðarferlum með brennslu og sem eru ekki starfrækt sem sjálfstæð brennsluver,
 - g) hvers kyns tæknibúnað sem er notaður til að knýja ökutæki, skip eða loftfar;
 - h) gashverfla og gas- og dísilhreyfla sem eru notaðir á grunnsævispöllum,
 - i) búnað til að endurvinna sundrunarhvata;
 - j) búnað til að breyta brennisteinsvetni í brennistein;
 - k) hvarftanka sem eru notaðir í efnaiðnaði;
 - l) koksofnasamstæður;
 - m) Cowper-hitablásara;
 - n) líkbrennslustöðvar,
 - o) brennsluver sem brenna hreinsunarstöðvaeldsneyti, eingöngu eða ásamt öðru eldsneyti, til orkuframleiðslu í jarðolíu- og gashreinsunarstöðvum,
 - p) endurnýtingarsuðukatla innan stöðva fyrir framleiðslu pappírsmauks.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stj. tíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stj. tíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

4. Þessi tilskipun gildir ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir sem varða meðalstór brennsluver. Aðildarríki geta sett sérstök skilyrði varðandi beitingu þessarar málsgreinar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „losun“: það að efni losna frá brennsluveri út í andrúmsloftið;
- 2) „viðmiðunarmörk fyrir losun“: leyfilegt magn efnis í úrgangslufti frá brennsluveri sem losa má út í andrúmsloftið á tilteknu tímabili,
- 3) „köfnunarefnisoxíð“ (NO_x): köfnunarefniseinoxíð og köfnunarefnistvíoxíð, gefið upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO₂),
- 4) „ryk“: agnir, hvernig sem er að lögun, uppbyggingu eða þéttleika, sem dreifast í loftfasa við aðstæður á sýnatökustað, sem hægt er að safna með síun við tiltekin skilyrði eftir að dæmigert úrtak hefur verið tekið úr lofttegundinni sem á að greina, og sem eru enn framan við síuna og á síunni eftir þurrkun við tiltekin skilyrði,
- 5) „brennsluver“: sérhver tæknibúnaður þar sem eldsneyti er brennt í því skyni að nýta þann varma sem þá myndast,
- 6) „starfandi brennsluver“: brennsluver þar sem rekstur hefst fyrir 20. desember 2018 eða sem hefur verið veitt leyfi fyrir 19. desember 2017 samkvæmt landslöggefi að því tilskildu að rekstur hafi hafist í brennsluverinu eigi síðar en 20. desember 2018,
- 7) „nýtt brennsluver“: brennsluver annað en starfandi brennsluver,
- 8) „hreyfill“: gashreyfill, dísilhreyfill eða tvíbretnihreyfill,
- 9) „gashreyfill“: brunahreyfill sem starfar samkvæmt Otto-vinnuhringnum og notar neistakveikju til að brenna eldsneyti,
- 10) „dísilhreyfill“: brunahreyfill sem starfar samkvæmt dísilhringnum og notar þjöppukveikju til að brenna eldsneyti,
- 11) „tvíbretnihreyfill“: brunahreyfill sem notar þjöppukveikju og starfar samkvæmt dísilhringnum við brennslu á fljótandi eldsneyti og samkvæmt Otto-vinnuhringnum við brennslu á loftkenndu eldsneyti,
- 12) „gashverfill“: vél sem snýst og breytir varmaorku í vélræna vinnu og er í meginatriðum gerð úr þjöppu, varmaeiningu þar sem eldsneyti er oxað til að hita vinnsluvökvan og hverfli; þetta tekur til opinnar vinnslu og samvinnslu með gashverfli og samvinnslu raf- og varmaorku með gashverfli, allt með eða án viðbótarbrennslu,
- 13) „lítið, einangrað kerfi“ (SIS): lítið, einangrað kerfi eins og það er skilgreint í 26. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB ⁽¹⁾,
- 14) „einangrað örkerfi“ (MIS): einangrað örkerfi eins og það er skilgreint í 27. lið 2. gr. tilskipunar 2009/72/EB,
- 15) „eldsneyti“: öll föst, fljótandi eða gaskennd brennanleg efni,
- 16) „hreinsunarstöðvaeldsneyti“: föst, fljótandi eða gaskennd brennanleg efni úr eimingunni og umbreytingarþreppunum frá hreinsun á jarðolíu, þ.m.t. hreinsunarstöðvabrennslugas, tilbúið gas, hreinsunarstöðvaolía og jarðolíukoks,
- 17) „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽²⁾,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB (Stjórið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 55).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjórið ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

18) „lífmassi“: eitthvað af eftirtöldu:

- a) vara sem samanstendur af plöntuefni frá landbúnaði eða skógrækt sem hægt er að nota sem eldsneyti í þeim tilgangi að endurheimta orkuinnihald þess,
- b) eftirfarandi úrgangur:
 - i. úrgangur úr jurtaríkinu frá landbúnaði og skógrækt,
 - ii. úrgangur úr jurtaríkinu frá matvælavinnslu ef varminn, sem losnar, er nýttur,
 - iii. trefjaríkur úrgangur úr jurtaríkinu frá framleiðslu á deigi úr nýjum trefjum og frá framleiðslu á pappír úr pappírseigi ef hann er sambrenndur á framleiðslustað og varminn, sem losnar, er nýttur,
 - iv. korkúrgangur,
 - v. viðarúrgangur, að undanskildum viðarúrgangi sem kann að innihalda halógenuð, lífræn efnasambönd eða þungmálma af völdum meðhöndlunar með viðarvarnarefnum eða yfirborðsmeðferðarefnum og sem inniheldur einkum viðarúrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi,

19) „gasolía“:

- a) allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, sem fellur undir SN-númer 27101925, 27101929, 27101947, 27101948, 27102017 eða 27102019, eða
- b) allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 250 °C og sem eimast a.m.k. 85% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 350 °C með ASTM D86 aðferðinni,

20) „jarðgas“: náttúrulegt metan sem inniheldur ekki meira en 20% (miðað við rúmmál) af hvarftregum efnum og öðrum efnisþáttum,

21) „svartolía“:

- a) allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, sem fellur undir SN-númer 27101951 til 27101968, 27102031, 27102035 eða 27102039, eða
- b) allt fljótandi eldsneyti úr jarðolíu, annað en gasolía samkvæmt skilgreiningu í 19. lið sem, á grundvelli eimingarmarka, fellur undir flokk svartolíu sem ætluð er til nota sem eldsneyti og sem eimast minna en 65% miðað við rúmmál (þ.m.t. það sem tapast) við 250 °C með ASTM D86 aðferðinni. Ef ekki er unnt að ákvarða eiminguna með ASTM D86-aðferðinni flokkast jarðolíuvaran engu að síður sem svartolía,

22) „rekstrarstundir“: sá tími, gefinn upp sem klukkustundir, sem brennsluver er í rekstri og losar útblástur út í andrúmsloftið, að frátöldum ræsingar- og stöðvunartímabilum,

23) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir eða stýrir brennsluverinu eða, þar sem kveðið er á um slíkt í innlendum lögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt úrskurðarvald yfir tæknilegri starfsemi brennsluversins;

24) „svæði“: sá hluti yfirráðasvæðis tiltekins aðildarríkis sem það hefur afmarkað í þeim tilgangi að meta loftgæði og stjórna þeim, eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2008/50/EB.

4. gr.

Samlegð

Samsetning sem er mynduð af tveimur eða fleiri nýjum meðalstórum brennsluverum skal teljast vera eitt meðalstórt brennsluver að því er varðar þessa tilskipun og skal leggja nafnvarmafl þeirra saman í þeim tilgangi að reikna út heildarnafnvarmafl brennsluversins, ef:

— úrgangsloft frá slíkum meðalstórum brennsluverum er losað gegnum sameiginlegan reyksháf eða

— úrgangsloft frá slíkum meðalstórum brennsluverum gæti, að mati lögbærs yfirvalds og að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra þátta, verið losað gegnum sameiginlegan reyksháf.

5. gr.

Leyfi og skráning

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engin ný meðalstór brennsluver séu starfrækt án leyfis eða án þess að vera skráð.
2. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá og með 1. janúar 2024 séu engin starfandi meðalstór brennsluver með nafnvarmafl sem er meira en 5 MW starfrækt án leyfis eða án þess að vera skráð.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá og með 1. janúar 2029 séu engin starfandi meðalstór brennsluver með nafnvarmafl sem er jafnt og eða minna en 5 MW starfrækt án leyfis eða án þess að vera skráð.
3. Aðildarríki skulu tilgreina leyfisveitingar- eða skráningarferlið að því er varðar meðalstór brennsluver. Þetta ferli skal fela í sér a.m.k. þá skyldu sem lögð er á rekstraraðilann um að upplýsa lögbært yfirvald um starfrækslu, eða áform um starfrækslu, meðalstórs brennsluvers og veita a.m.k. upplýsingarnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.
4. Lögbæra yfirvaldið skal skrá eða hefja leyfisveitingaferlið fyrir meðalstóra brennsluverið innan eins mánaðar frá því að rekstraraðilinn veitti upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa rekstraraðilann um slíka skráningu eða um að leyfisveitingaferlið sé hafið.
5. Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá með upplýsingum um öll meðalstór brennsluver, þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka og upplýsingarnar sem eru fengnar skv. 9. gr. Starfandi meðalstór brennsluver skulu færð í skrána frá skráningardegi eða frá þeim degi þegar leyfi var veitt í samræmi við þessa tilskipun. Lögbæra yfirvaldið skal gera upplýsingarnar í skránni aðgengilegar almenningi, þ.m.t. á Netinu, í samræmi við tilskipun 2003/4/EB.
6. Með fyrirvara um leyfisskyldu eða skráningarskyldu meðalstórra brennsluvera geta aðildarríki sett kröfur fyrir tiltekna flokka meðalstórra brennsluvera með almennum bindandi reglum. Þar sem slíkar almennar bindandi reglur eru samþykktar getur leyfið eða skráningin einfaldlega innifalið tilvísun til slíkra reglna.
7. Að því er varðar meðalstór brennsluver, sem eru hluti af stöð sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB, skulu kröfurnar í þessari grein teljast uppfylltar með því að farið sé að ákvæðum þeirrar tilskipunar.
8. Öll leyfi sem eru veitt eða skráning sem er framkvæmd samkvæmt annarri landsbundinni löggjöf eða löggjöf Sambandsins er hægt að sameina leyfinu eða skráningunni sem krafist er skv. 1. mgr. þannig að til verði eitt leyfi eða skráning, að því tilskildu að það leyfi eða sú skráning innihaldi upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir losun

1. Með fyrirvara um II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB, eftir atvikum, skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í II. viðauka við þessa tilskipun, gilda um meðalstór brennsluver.

Viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í II. viðauka, skulu ekki gilda um meðalstór brennsluver sem eru staðsett á Kanaríeyjum, í frönsku umdæmunum handan hafnsins, á Asoreyjum og Madeira. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu setja viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir þessi brennsluver til að draga úr losun þeirra í andrúmsloft og hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi.

2. Frá 1. janúar 2025 skal losun brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og ryks út í andrúmsloftið frá starfandi meðalstóru brennsluveri með nafnvarmafl sem er meira en 5 MW ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í töflu 2 og 3 í I. hluta II. viðauka.

Frá 1. janúar 2030 skal losun brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og ryks út í andrúmsloftið frá starfandi meðalstóru brennsluveri með nafnvarmafl sem er jafnt og eða minna en 5 MW ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í töflu 1 og 3 í I. hluta II. viðauka.

3. Aðildarríki geta veitt starfandi meðalstórum brennsluverum, sem ekki eru starfrækt í meira en 500 rekstrarstundir á ári samkvæmt hlaupandi meðaltali á fimm ára tímabili, undanþágu frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í töflu 1, 2 og 3 í 1. hluta II. viðauka.

Aðildarríki geta framlengt mörkin sem um getur í fyrstu undirgrein í 1000 rekstrarstundir í eftirfarandi neyðartilvikum eða við eftirfarandi sérstöku aðstæður:

- fyrir framleiðslu varaafis á tengdum eyjum ef truflun verður í aðalafgjöfum eyju,
- fyrir meðalstór brennsluver sem notuð eru til hitaframleiðslu ef óvenju kalt er í veðri.

Í öllum tilvikum, sem sett eru fram í þessari málsgrein, skulu viðmiðunarmörk fyrir losun á ryki, sem nema 200 mg/Nm³, gilda um brennsluver sem brenna eldsneyti í föstu formi.

4. Starfandi meðalstór brennsluver, sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi (SIS) eða einangruðu örkerfi (MIS), skulu fara að viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í töflu 1, 2 og 3 í 1. hluta II. viðauka frá 1. janúar 2030.

5. Til 1. janúar 2030 geta aðildarríki veitt starfandi meðalstórum brennsluverum, með nafnvarmaafli sem er meira en 5 MW, undanþágu frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í II. viðauka að því tilskildu að minnst 50% af nýtanlegri hitaframleiðslu brennsluversins, sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, séu afhent sem gufa eða heitt vatn inn á almennt net fyrir fjarhitun. Komi til slíkrar undanþágu skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem lögbært yfirvald setur, ekki fara yfir 1100 mg/Nm³ fyrir brennisteinstvíoxíð og 150 mg/Nm³ fyrir ryk.

Til 1. janúar 2030 geta aðildarríki veitt meðalstórum brennsluverum, sem brenna föstum lífmassa sem aðaleldsneyti og eru staðsett á svæðum þar sem, samkvæmt mati sbr. tilskipun 2008/50/EB, samræmi við viðmiðunarmörkin í þeirri tilskipun er tryggt, undanþágu frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun á ryki sem sett eru fram í II. viðauka við þessa tilskipun. Komi til slíkrar undanþágu skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem lögbært yfirvald setur, ekki fara yfir 150 mg/Nm³ fyrir ryk.

Lögbært yfirvald skal í öllum tilvikum tryggja að ekki sé valdið neinni umtalsverðri mengun og að háu umhverfisverndarstigi fyrir umhverfið í heild sé náð.

6. Til 1. janúar 2030 geta aðildarríki veitt starfandi meðalstórum brennsluverum, með nafnvarmaafli sem er meira en 5 MW og sem eru notuð til að keyra gasþjöppustöðvar sem krafist er til að tryggja öryggi og vernd landsbundins flutningskerfis jarðgass, undanþágu frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun köfnunarefnisoxíða sem sett eru fram í töflu 3 í 1. hluta II. viðauka.

7. Frá 20. desember 2018 skal losun brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og ryks út í andrúmsloftið frá nýju meðalstóru brennsluveri ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka.

8. Aðildarríki geta veitt nýjum meðalstórum brennsluverum, sem ekki eru starfrækt í meira en 500 rekstrarstundir á ári samkvæmt hlaupandi meðaltali á þriggja ára tímabili, undanþágu frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka. Komi til slíkrar undanþágu skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun á ryki, sem nema 100 mg/Nm³, gilda um brennsluver sem brenna eldsneyti í föstu formi.

9. Á svæðum eða hlutum svæða sem uppfylla ekki viðmiðunarmörk fyrir loftgæði, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/50/EB, skulu aðildarríki, að því er varðar einstaka meðalstór brennsluver á þessum svæðum eða hlutum svæða, meta þörfina á því að beita strangari viðmiðunarmörkum fyrir losun en þeim sem sett eru fram í þessari tilskipun, sem hluta af þróun áætlana um loftgæði sem um getur í 23. gr. tilskipunar 2008/50/EB, að teknu tilliti til niðurstaða upplýsingaskiptanna sem um getur í 10. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að beiting slíkra viðmiðunarmarkna fyrir losun myndi stuðla á skilvirkan hátt að merkjanlega betri loftgæðum.

10. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti við aðildarríki, viðkomandi iðnað og frjáls félagasamtök varðandi losunargildi sem nást með bestu, fánlegu tækni og nýtilkominni tækni og tengdan kostnað.

Framkvæmdastjórnin skal birta niðurstöður upplýsingaskiptanna.

11. Lögbæra yfirvaldið getur veitt meðalstóru brennsluveri, sem að öllu jöfnu notar eldsneyti með litlum brennisteini, undanþágu í allt að sex mánuði frá kröfunni um viðmiðunarmörk losunar á brennisteinsdíoxíði, sem kveðið er á um í 2. og 7. mgr., þegar rekstraraðilinn er ófær um að virða þessi viðmiðunarmörk fyrir losun vegna þess að aðföng á brennisteinslitlu eldsneyti hafa brugðist sökum alvarlegs skorts á því.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, innan eins mánaðar, um allar undanþágur sem veittar eru samkvæmt fyrstu undirgrein.

12. Lögbært yfirvald getur veitt undanþágu frá skyldunni til að fara að viðmiðunarmörkum fyrir losun, sem mælt er fyrir um í 2. og 7. mgr., í tilvikum þar sem meðalstórt brennsluver sem notar aðeins loftkennt eldsneyti verður í sérstöku undanþekningartilviki að grípa til notkunar annars eldsneytis vegna skyndilegs rofs á framboði á gasi og myndi af þessum sökum þurfa að vera búíð aukahreinsibúnaði. Tímabilið sem slík undanþága er veitt fyrir skal ekki vera lengra en tíu dagar nema þegar rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi fram á að færð séu rök fyrir lengra tímabili.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, innan eins mánaðar, um allar undanþágur sem veittar eru samkvæmt fyrstu undirgrein.

13. Þegar meðalstórt brennsluver notar samtímis tvær eða fleiri eldsneytistegundir skulu viðmiðunarmörk fyrir losun hvers mengunarefnis reiknuð út með því að:

- a) nota viðmiðunarmörkin fyrir losun sem gilda fyrir hverja eldsneytistegund eins og sett er fram í II. viðauka,
- b) ákvarða vegin viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hverja eldsneytistegund, en þau fást með því að margfalda einstök viðmiðunarmörk fyrir losun sem um getur í a-lið með varmagildi hvers eldsneytistegundar og deila í hvert margfeldi með samanlögðu varmagildi allra eldsneytistegundanna, og
- c) leggja saman vegin viðmiðunarmörk losunar fyrir hverja eldsneytistegund.

7. gr.

Skyldur rekstraraðilans

1. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilinn annist vöktun á losun í samræmi við a.m.k. 1. hluta III. viðauka.
2. Fyrir meðalstór brennsluver sem nota margs konar eldsneyti skal vöktun á losun fara fram við brennslu á eldsneyti eða eldsneytissamsetningum sem líklegt er að hafi í för með sér mestu losun og á tímabili sem samsvarar venjulegum notkunaraðstæðum.
3. Rekstraraðilinn skal halda skrá um og vinna úr öllum niðurstöðum vöktunarinnar með þeim hætti að hægt sé að sannreyna að farið sé að viðmiðunarmörkum fyrir losun í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 2. hluta III. viðauka.
4. Fyrir meðalstór brennsluver sem nota aukahreinsibúnað til að uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun skal rekstraraðilinn halda skrá yfir eða geyma upplýsingar sem sýna fram á að búnaðurinn starfi á skilvirkan og stöðugan hátt.
5. Rekstraraðili meðalstórs brennsluvers skal geyma eftirfarandi:
 - a) leyfið eða sönnun fyrir skráningu frá lögbæra yfirvaldinu og, ef við á, uppfærða útgáfu og tengdar upplýsingar,
 - b) niðurstöður vöktunarinnar og upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr.,
 - c) eftir atvikum, skrá yfir rekstrarstundir eins og um getur í 3. og 8. mgr. 6. gr.,
 - d) skrá yfir tegund og magn eldsneytis sem notað er í brennsluverinu og yfir gangtruflanir eða bilanir í aukahreinsibúnaði,
 - e) skrá yfir tilvik ef ekki er farið að ákvæðum og þær ráðstafanir sem eru gerðar, eins og um getur í 7. mgr.

Gögnin og upplýsingarnar sem um getur í b- til e-lið fyrstu undirgreinar skulu geymd í a.m.k. sex ár.

6. Rekstraraðilinn skal, án ótilhlýðilegrar tafar, gera gögnin og upplýsingarnar sem tilgreind eru í 5. mgr. aðgengileg lögbærum yfirvöldum að fenginni beiðni. Lögbæra yfirvaldið getur lagt fram slíka beiðni til að unnt sé að athuga hvort farið sé að kröfum þessarar tilskipunar. Lögbæra yfirvaldið skal leggja fram slíka beiðni ef almenningur fer fram á aðgengi að gögnunum eða upplýsingunum sem tilgreindar eru í 5. mgr.

7. Ef ekki er farið að viðmiðunarmörkum fyrir losun, sem sett eru fram í II. viðauka, skal rekstraraðilinn grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að samræmi sé komið á aftur eins fljótt og auðið er, með fyrirvara um ráðstafanirnar sem krafist er skv. 8. gr. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um gerð, tíðni og snið upplýsinga um tilvik þar sem ekki er farið að kröfum sem rekstraraðilar skulu veita lögbæra yfirvaldinu.
8. Rekstraraðili skal veita lögbæra yfirvaldinu alla nauðsynlega aðstoð til að gera því kleift að framkvæma hvers kyns skoðanir og eftirlit innan stöðvarinnar, að taka sýni og afla allra upplýsinga sem eru því nauðsynlegar til að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.
9. Rekstraraðilinn skal halda ræsingar- og stöðvunartímabilum meðalstórs brennsluvers eins stuttum og unnt er.

8. gr.

Athugun á að farið sé að tilskildum ákvæðum

1. Aðildarríki skulu tryggja að marktæk gildi fyrir losun sem vöktuð eru í samræmi við III. viðauka fari ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í II. viðauka.
2. Aðildarríki skulu setja upp skilvirkt kerfi, sem byggist annað hvort á umhverfiseftirliti eða öðrum ráðstöfunum, til að ganga úr skugga um að farið sé að kröfunum í þessari tilskipun.
3. Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum skulu aðildarríki tryggja, til viðbótar við ráðstafanir sem rekstraraðili grípur til skv. 7. mgr. 7. gr., að lögbæra yfirvaldið krefjist þess af rekstraraðilanum að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fylgni við ákvæði náist aftur án ótilhlýðilegrar tafar.

Ef það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum veldur umtalsverðri hnignun á staðbundnum loftgæðum skal hætta rekstri meðalstóra brennsluversins tímabundið þar til fylgni við ákvæði er komið á aftur.

9. gr.

Breytingar á meðalstórum brennsluverum

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilinn upplýsi lögbæra yfirvaldið, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar fyrirhugaðar breytingar á meðalstórum brennsluveri sem myndu hafa áhrif á gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun.

Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra leyfið eða skráninguna, eins og við á, til samræmis við það.

10. gr.

Lögbær yfirvöld

Aðildarríki skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem eru ábyrg fyrir að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

11. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu, fyrir 1. október 2026 og 1. október 2031, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með eigindlegum og tölulegum upplýsingum um framkvæmd þessarar tilskipunar, um þær aðgerðir sem gerðar hafa verið til að sannprófa að starfræksla meðalstórra brennsluvera sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og um þær framfylgdaraðgerðir sem gerðar hafa verið í þeim tilgangi.

Fyrsta skýrslan, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal innihalda áætlun um árlega heildarlosun brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og ryks frá meðalstórum brennsluverum, skipt eftir tegund brennsluversins, eldsneytistegund og afkastagetuflokki.

2. Aðildarríkin skulu einnig leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, fyrir 1. janúar 2021, með áætlun um árlega heildarlosun kolsýringis og allar tiltækar upplýsingar um styrk losunar á kolsýringi frá meðalstórum brennsluverum, skipt eftir eldsneytistegund og afkastagetuflokki.

3. Að því er varðar skýrslugjöfina sem um getur í 1. og 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin gera rafrænt skýrslugjafartæki aðgengilegt fyrir aðildarríkin.

Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum tilgreina tæknisnið fyrir skýrslugjöf til að einfalda og hagræða skýrslugjafarskyldum aðildarríkjanna í tengslum við upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 15. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, innan tólf mánaða frá móttöku skýrslunnar frá aðildarríkjunum í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og með tilliti til upplýsinga sem gerðar eru aðgengilegar í samræmi við 11. og 12. mgr. 6. gr., leggja yfirlitsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

5. Þegar framkvæmdastjórnin sinnir skyldum sínum skv. 3. og 4. mgr. skal hún njóta aðstoðar Umhverfisstofnunar Evrópu.

12. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2020, endurskoða framvindu í tengslum við orkunýtni meðalstórra brennsluvera og meta ávinninginn af því að setja lágmarksstaðla fyrir orkunýtni í samræmi við bestu, fánlegu tækni.

2. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2023, meta þörfina fyrir að endurskoða ákvæðin varðandi brennsluver, sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi, sem og 2. hluta II. viðauka á grundvelli nýjustu tækni.

Sem hluta af þessari endurskoðun skal framkvæmdastjórnin einnig meta hvort þörf sé fyrir að setja reglur um losun kolsýrings fyrir tiltekna eða allar gerðir meðalstórra brennsluvera.

Á tíu ára fresti þaðan í frá skal fara fram endurskoðun og skal hún innihalda mat á því hvort rétt þyki að setja strangari viðmiðunarmörk fyrir losun, einkum að því er varðar ný meðalstór brennsluver.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um niðurstöður endurskoðunarinnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

13. gr.

Breyting á viðaukum

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykka framseldar gerðir í samræmi við 14. gr. til að aðlaga 2. lið 2. hluta III. viðauka að vísinda- og tækniþróun.

14. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka framseldu gerðirnar, sem um getur í 13. gr., á fimm ára tímabili sem hefst 18. desember 2015. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

15. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

16. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 19. desember 2017, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

17. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 19. desember 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.

*I. VIÐAUKI***UPPLÝSINGAR SEM REKSTRARAÐILA BER AÐ VEITA LÖGBÆRU YFIRVALDI**

1. Nafnvarmaafli (MW) meðalstórs brennsluvers.
2. Gerð meðalstórs brennsluvers (dísilhreyfill, gashverfill, tvíbrennihreyfill, annars konar hreyfill eða annars konar meðalstórt brennsluver).
3. Tegund og hluti eldsneytis sem notað er samkvæmt eldsneytisflokkunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka.
4. Hvaða dag starfræksla meðalstórs brennsluvers hefst eða, ef nákvæm dagsetning er óþekkt, sönnun fyrir því að starfræksla hafi hafist fyrir 20. desember 2018.
5. Athafnasvið meðalstóra brennsluversins eða starfsstöðvarinnar þar sem hún er notuð (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins).
6. Áætlaður fjöldi árlegra rekstrarstunda meðalstóra brennsluversins og meðalálág við notkun.
7. Þegar undanþáguvalkosturinn skv. 3. eða 8. mgr. 6. gr. er nýttur skal lögð fram yfirlýsing, undirrituð af rekstraraðila, um að meðalstóra brennsluverið muni ekki verða starfrækt í fleiri klukkustundir en þær sem um getur í þessum málsgreinum.
8. Heiti og skráð skrifstofa rekstraraðilans og, ef um er að ræða staðbundið brennsluver, heimilisfangið þar sem brennsluverið er staðsett.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR LOSUN SEM UM GETUR Í 6. GR.

Öll viðmiðunarmörk fyrir losun, sem sett eru fram í þessum viðauka, eru skilgreind við 273,15 K hita, 101,3 kPa þrýsting og eftir leiðréttingu fyrir vatnsgufuinnihaldi úrgangslöftsins og við staðlað 6% O₂-innihald fyrir meðalstór brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi, 3% fyrir meðalstór brennsluver önnur en hreyfla og gashverfla sem nota fljótandi og loftkennt eldsneyti og 15% fyrir hreyfla og gashverfla.

1. HLUTI

Viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir starfandi meðalstór brennsluver

Tafla 1

Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm³) fyrir starfandi meðalstór brennsluver þar sem nafnvarmaafli er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW, önnur en hreyfla og gashverfla

| Mengunarefni | Fastur lífmassi | Annað eldsneyti í föstu formi | Gasolía | Fljótandi eldsneyti, annað en gasolía | Jarðgas | Loftkennt eldsneyti annað en jarðgas |
|--------------------|-----------------------------------|-------------------------------|---------|---------------------------------------|---------|--------------------------------------|
| Brenni-steinvíoxíð | 200 ⁽¹⁾ ⁽²⁾ | 1 100 | — | 350 | — | 200 ⁽³⁾ |
| Köfnunar-efnisoxíð | 650 | 650 | 200 | 650 | 250 | 250 |
| Ryk | 50 | 50 | — | 50 | — | — |

⁽¹⁾ Mörkin gilda ekki ef um er að ræða brennsluver sem brenna eingöngu fastan viðarlífmassa.

⁽²⁾ 300 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver sem brenna hálm.

⁽³⁾ 400 mg/Nm³ ef um er að ræða koksofnagas með lágt varmagildi í járn- og stáliðnaði.

Tafla 2

Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm³) fyrir starfandi meðalstór brennsluver þar sem nafnvarmaafli er meira en 5 MW, önnur en hreyfla og gashverfla

| Mengunarefni | Fastur lífmassi | Annað eldsneyti í föstu formi | Gasolía | Fljótandi eldsneyti, annað en gasolía | Jarðgas | Loftkennt eldsneyti annað en jarðgas |
|--------------------|-----------------------------------|-------------------------------|---------|---------------------------------------|---------|--------------------------------------|
| Brenni-steinvíoxíð | 200 ⁽¹⁾ ⁽²⁾ | 400 ⁽³⁾ | — | 350 ⁽⁴⁾ | — | 35 ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾ |
| Köfnunar-efnisoxíð | 650 | 650 | 200 | 650 | 200 | 250 |
| Ryk | 30 ⁽⁷⁾ | 30 ⁽⁷⁾ | — | 30 | — | — |

⁽¹⁾ Mörkin gilda ekki ef um er að ræða brennsluver sem brenna eingöngu fastan viðarlífmassa.

⁽²⁾ 300 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver sem brenna hálm.

⁽³⁾ 1100 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem nafnvarmaafli er meira en 5 MW og jafnt og eða minna en 20 MW.

⁽⁴⁾ Til 1. janúar 2030, 850 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem nafnvarmaafli er meira en 5 MW og jafnt og eða minna en 20 MW, sem brenna svartolíu.

⁽⁵⁾ 400 mg/Nm³ ef um er að ræða koksofnagas með lágt varmagildi, og 200 mg/Nm³ ef um er að ræða háofnagas með lágt varmagildi, í járn- og stáliðnaði.

⁽⁶⁾ 170 mg/Nm³ ef um er að ræða lífgas.

⁽⁷⁾ 50 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem nafnvarmaafli er meira en 5 MW og jafnt og eða minna en 20 MW.

Tafla 3

Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm³) fyrir starfandi hreyfla og gashverfla

| Mengunarefni | Gerð meðalstórs brennsluvers | Gasolía | Fljótandi eldsneyti, annað en gasolía | Jarðgas | Lofkentt eldsneyti annað en jarðgas |
|---------------------|------------------------------|-------------|---------------------------------------|---------|-------------------------------------|
| Brennisteinstvíoxíð | Hreyflar og gashverflar | — | 120 | — | 15 (1) (2) |
| Köfnunarefnisoxíð | Hreyflar | 190 (3) (4) | 190 (3) (5) | 190 (6) | 190 (6) |
| | Gashverflar (7) | 200 | 200 | 150 | 200 |
| Ryk | Hreyflar og gashverflar | — | 10 (8) | — | — |

(1) 60 mg/Nm³ ef um er að ræða lífgas.(2) 130 mg/Nm³ ef um er að ræða koksofnagas með lágt varmagildi, og 65 mg/Nm³ ef um er að ræða háofnagas með lágt varmagildi, í járn- og stáliðnaði.(3) 1850 mg/Nm³ í eftirfarandi tilvikum:

i. fyrir dísilhreyfla, þar sem smíði er hafin fyrir 18. maí 2006,

ii. fyrir tvíbrennihreyfla, þar sem notað er fljótandi eldsneyti.

(4) 250 mg/Nm³ ef um er að ræða hreyfla þar sem nafnvarmaafll er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW.(5) 250 mg/Nm³ ef um er að ræða hreyfla þar sem nafnvarmaafll er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW; 225 mg/Nm³ ef um er að ræða hreyfla þar sem nafnvarmaafll er meira en 5 MW og jafnt og eða minna en 20 MW.(6) 380 mg/Nm³ fyrir tvíbrennihreyfla, þar sem notað er loftkennt eldsneyti.

(7) Viðmiðunarmörk fyrir losun gilda eingöngu þegar álag fer yfir 70%.

(8) 20 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem nafnvarmaafll er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 20 MW.

2. HLUTI

Viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir ný meðalstór brennsluver

Tafla 1

Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm³) fyrir ný meðalstór brennsluver, önnur en hreyfla og gashverfla

| Mengunarefni | Fastur lífmassi | Annað eldsneyti í föstu formi | Gasolía | Fljótandi eldsneyti, annað en gasolía | Jarðgas | Lofkentt eldsneyti annað en jarðgas |
|-----------------------|-----------------|-------------------------------|---------|---------------------------------------|---------|-------------------------------------|
| Brenni- steinstvíoxíð | 200 (1) | 400 | — | 350 (2) | — | 35 (3) (4) |
| Köfnunar- efnisoxíð | 300 (5) | 300 (5) | 200 | 300 (6) | 100 | 200 |
| Ryk | 20 (7) | 20 (7) | — | 20 (8) | — | — |

(1) Mörkin gilda ekki ef um er að ræða brennsluver sem brenna eingöngu fastan viðarlífmassa.

(2) Til 1. janúar 2025, 1700 mg/Nm³ þegar um er að ræða brennsluver sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi.(3) 400 mg/Nm³ ef um er að ræða koksofnagas með lágt varmagildi, og 200 mg/Nm³ ef um er að ræða háofnagas með lágt varmagildi, í járn- og stáliðnaði.(4) 100 mg/Nm³ ef um er að ræða lífgas.(5) 500 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem heildarnafnvarmaafll er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW.(6) Til 1. janúar 2025, 450 mg/Nm³ þegar brennsla svartolíu inniheldur á bilinu 0,2% og 0,3% N og 360 mg/Nm³ þegar brennsla svartolíu inniheldur minna en 0,2% N ef um er að ræða brennsluver sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi.(7) 50 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem heildarnafnvarmaafll er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW; 30 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem heildarnafnvarmaafll er meira en 5 MW og jafnt og eða minna en 20 MW.(8) 50 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem heildarnafnvarmaafll er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW.

Tafla 2

Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm³) fyrir nýja hreyfla og gashverfla

| Mengunarefni | Gerð meðalstórs brennsluvers | Gasolía | Fljótandi eldsneyti, annað en gasolía | Jarðgas | Lofukennt eldsneyti annað en jarðgas |
|---------------------|--|--------------------|---------------------------------------|-------------------|--------------------------------------|
| Brennisteinstvíoxíð | Hreyflar og gashverflar | — | 120 ⁽¹⁾ | — | 15 ⁽²⁾ |
| Köfnunarefnisoxíð | Hreyflar ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ | 190 ⁽⁵⁾ | 190 ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾ | 95 ⁽⁷⁾ | 190 |
| | Gashverflar ⁽⁸⁾ | 75 | 75 ⁽⁹⁾ | 50 | 75 |
| Ryk | Hreyflar og gashverflar | — | 10 ⁽¹⁰⁾ ⁽¹¹⁾ | — | — |

⁽¹⁾ Til 1. janúar 2025, 590 mg/Nm³ fyrir dísilhreyfla sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi.

⁽²⁾ 40 mg/Nm³ ef um er að ræða lífgas.

⁽³⁾ Hreyflar sem ganga í 500 til 1500 klukkustundir á ári geta verið undanþegnir samræmi við þessi viðmiðunarmörk fyrir losun ef gerðar eru grundvallarráðstafanir til að takmarka losun köfnunarefnisoxíðs og ef viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 4. nmgr. eru uppfyllt.

⁽⁴⁾ Til 1. janúar 2025 í litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi, 1850 mg/Nm³ fyrir tvíþrennihreyfla, þar sem notað er fljótandi eldsneyti, og 380 mg/Nm³ þar sem notað er loftkennt eldsneyti; 1300 mg/Nm³ fyrir dísilhreyfla með ≤ 1200 snún./mín. þar sem heildarnafnvarmaafli er jafnt og eða minna en 20 MW og 1850 mg/Nm³ fyrir dísilhreyfla þar sem heildarnafnvarmaafli er meira en 20 MW; 750 mg/Nm³ fyrir dísilhreyfla með > 1200 snún./mín..

⁽⁵⁾ 225 mg/Nm³ fyrir tvíþrennihreyfla, þar sem notað er fljótandi eldsneyti.

⁽⁶⁾ 225 mg/Nm³ fyrir dísilhreyfla þar sem heildarnafnvarmaafli er jafnt og eða minna en 20 MW með ≤ 1200 snún./mín.

⁽⁷⁾ 190 mg/Nm³ fyrir tvíþrennihreyfla, þar sem notað er loftkennt eldsneyti.

⁽⁸⁾ Þessi viðmiðunarmörk fyrir losun gilda eingöngu þegar álag fer yfir 70%.

⁽⁹⁾ Til 1. janúar 2025, 550 mg/Nm³ fyrir brennsluver sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi.

⁽¹⁰⁾ Til 1. janúar 2025, 75 mg/Nm³ fyrir dísilhreyfla sem eru hluti af litlu, einangruðu kerfi eða einangruðu örkerfi.

⁽¹¹⁾ 20 mg/Nm³ ef um er að ræða brennsluver þar sem heildarnafnvarmaafli er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 5 MW.

III. VIÐAUKI

VÖKTUN Á LOSUN OG MAT Á ÞVÍ AÐ FARIÐ SÉ AÐ TILSKILDUM KRÖFUM

1. HLUTI

Vöktun rekstraraðila á losun

1. Krefjast skal reglubundinna mælinga a.m.k.:

— á þriggja ára fresti fyrir meðalstór brennsluver þar sem nafnvarmaafli er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 20 MW,

— á hverju ári fyrir meðalstór brennsluver þar sem nafnvarmaafli er meira en 20 MW.

2. Í stað tíðninnar sem um getur í 1. lið, ef um er að ræða meðalstór brennsluver sem falla undir ákvæði 3. eða 8. mgr. 6. gr., er hægt að krefjast reglubundinna mælinga a.m.k. í hvert sinn sem eftirfarandi fjölda rekstrarstunda er liðinn:

— þrefaldur hámarksfjöldi árlegra meðalrekstrarstunda, sem gilda skv. 3. eða 8. mgr. 6. gr., fyrir meðalstór brennsluver þar sem nafnvarmaafli er jafnt og eða meira en 1 MW og jafnt og eða minna en 20 MW,

— hámarksfjöldi árlegra meðalrekstrarstunda, sem gilda skv. 3. eða 8. mgr. 6. gr., fyrir meðalstór brennsluver þar sem nafnvarmaafli er meira en 20 MW.

Reglubundnar mælingar skulu í öllum tilvikum ekki framkvæmdar sjaldnar en einu sinni á fimm ára fresti.

3. Eingöngu skal krefjast mælinga á:

a) mengunarefni, þar sem mælt er fyrir um viðmiðunarmörk fyrir losun í þessari tilskipun fyrir viðkomandi brennsluver,

b) kolsýringi frá öllum brennsluverum.

4. Fyrstu mælingar skulu framkvæmdar innan fjögurra mánaða frá því að brennsluverinu var veitt leyfi, eða það skráð, eða frá þeim degi er starfræksla hefst, ef sá dagur er síðar.

5. Í stað mælinganna sem um getur í 1. og 2. lið og a-lið 3. liðar, að því er varðar brennisteinstvíoxíð, er heimilt að nota aðrar aðferðir, sannprófaðar og samþykktar af lögbæru yfirvaldi, til að ákvarða losun á brennisteinstvíoxíði.

6. Í stað reglubundnu mælinganna sem um getur í 1. lið geta aðildarríkin gert kröfu um samfelldar mælingar.

Ef um er að ræða samfelldar mælingar skulu sjálfvirku mælikerfin vera háð athugunum þannig að gerðar séu samhliða mælingar samkvæmt tilvísunaraðferðunum minnst einu sinni á ári og rekstraraðilinn skal upplýsa lögbært yfirvald um niðurstöðurnar úr þessum athugunum.

7. Sýnatökur og greiningar á mengandi efnum og mælingar á vinnslubreytum sem og þeir valkostir sem notaðir eru eins og um getur í 5. og 6. lið skulu byggja á aðferðum sem stuðla að áreiðanlegum, dæmigerðum og samanburðarhæfum niðurstöðum. Aðferðir sem eru í samræmi við samhæfða EN-staðla skulu teljast uppfylla þessa kröfu. Við hverja mælingu skal brennsluverið vera starfrækt við stöðug skilyrði og með dæmigerðu jöfnu álagi. Í þessu samhengi skal undanskilja ræsingar- og stöðvunartímabilin.

2. HLUTI

Mat á því hvort farið sé að kröfum

1. Ef um er að ræða reglubundnar mælingar skal líta svo á að farið sé að viðmiðunarmörkum fyrir losun, sem um getur í 6. gr., ef niðurstöður hverrar mælingaraðar eða annarra aðferða, sem skilgreindar eru og ákvarðaðar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um af hálfu lögbæra yfirvaldsins, fara ekki yfir viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun.

2. Ef um samfelldar mælingar er að ræða skal meta hvort farið er að viðmiðunarmörkum fyrir losun, sem um getur í 6. gr., eins og sett er fram í 1. lið 4. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

Fullgiltu meðalgildin eru ákvörðuð eins og sett er fram í 9. og 10. lið 3. hluta V. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

3. Að því er varðar útreikning á meðallosunargildum skulu gildin sem mælast á tímabilunum, sem um getur í 11. og 12. mgr. 6 gr., sem og á ræsingar- og stöðvunartímabilunum ekki talin með.
